

Landskerfi bókasafna hf.

Ársreikningur 2024

Landskerfi bókasafna hf.
Katrínartúni 4
105 Reykjavík

kt. 440202-2920

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	1
Áritun Ríkisendurskoðunar	2
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Eiginfjárfirlit	6
Sjóðstreymi	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur félagsins er að reka upplýsinga- og skráningarkerfi fyrir bókasöfn og eftir atvikum önnur söfn á Íslandi og veita þeim tengda sérfræðipjónustu.

Hagnaður varð af rekstri félagsins á árinu 2024 að fjárhæð 15,4 m. kr. Eigið fé félagsins nam 225,3 m. kr. í árslok 2024 og heildareignir voru 258,7 m. kr.

Hlutfé félagsins nam 147,6 m. kr. þann 31. desember 2024, og átti félagið engin eigin bréf. Hluthafar voru 52 í árslok eins og í upphafi árs.

Hluthafar og eignarhlutur	31.12.2024	31.12.2023
Íslenska ríkið	50,8%	50,8%
Reykjavíkurborg	20,0%	20,0%
Aðrir hluthafar	29,2%	29,2%

Stjórn félagsins leggur til að ekki verði greiddur arður á árinu 2025 vegna rekstrar ársins 2024. Að öðru leyti vísar stjórnin til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Yfirlit úr starfsemi á árinu

Starfsemi félagsins var með venjubundnum hætti árið 2024. Rekstur bókasafnakerfanna sem gangsett voru um mitt ár 2022 gekk vel sem og tengd stoðþjónusta í formi þjónustu og leiðsagnar til viðskiptavina. Innleiðing nýs Sarps hófst snemma árs og komst á fullan skrið þegar leið á haustið. Sarpur er í eigu Rekstrarfélags Sarps (RS) en Landskerfið sér um rekstur félagsins og Sarps samkvæmt þjónustusamningi þar um. Tveir starfsmenn félagsins auk framkvæmdastjóra sinna verkefnum tengdum RS.

Á árinu hófst skoðun á námsbókakerfum sem tengja saman bókasafnakerfið og kennslukerfi háskóla og bæta mjög þjónustu við háskólanemendur. Skoðuð voru tvö kerfi, eReserve frá EbscoHost og Leganto frá Ex Libris. Niðurstaðan var sú að Háskólinn á Akureyri ákvað að ríða á vaðið og var gengið til samninga við Ex Libris um afnot skólans á Leganto. Innleiðing mun hefjast um mitt ár 2025.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu þess þann 31. desember 2024 og rekstrarafkomu þess og breytingum á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2024.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra geymi glögg yfirlit yfir þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjóri hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfesta hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. mars 2025.

Stjórn

Framkvæmdastjóri

Viktor Jens Vigfússon, stjórnarformaður

Sveinbjörg Sveinsdóttir

Árni Konráð Bjarnason

Ingibjörg Steinunn Sverrisdóttir

Pálína Magnúsdóttir

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og hluthafa Landskerfis bókasafna hf.

Álit

Ársreikningur Landskerfis bókasafna fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Landskerfis bókasafna hf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Landskerfi bókasafna hf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Landskerfis bókasafna hf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að afla sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og afla endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé fram hjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Áritun Ríkisendurskoðunar

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, 28. mars 2025.

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur

	Skýringar	2024	2023
Seld þjónusta	12	240.377	220.638
Aðrar tekjur		0	2.510
Rekstrartekjur		240.377	223.148
Laun og launatengd gjöld	15	(135.593)	(129.171)
Húsnæðiskostnaður	16	(18.836)	(17.610)
Hýsing og rekstur kerfis	13	(3.279)	(4.076)
Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar	14	(47.836)	(45.583)
Annar rekstrarkostnaður	17	(22.303)	(22.775)
Afskriftir	6-7, 21-22	(7.045)	(7.018)
Rekstrarkostnaður		(234.892)	(226.233)
Hreinar rekstrartekjur (rekstrargjöld)		5.486	(3.086)
Fjármunatekjur	18	14.238	11.224
Fjármagnsgjöld	19	(201)	(175)
Hreinar fjármunatekjur		14.037	11.049
Hagnaður fyrir tekjuskatt		19.523	7.963
Tekjuskattur	20	(4.102)	(1.597)
Hagnaður ársins		15.421	6.366

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýringar	31.12.2024	31.12.2023
Rekstrarfjármunir	6, 21	0	27
Óefnislegar eignir	7, 22	44.493	51.511
Skatteign	8, 29	0	45
Fastafjármunir samtals		44.493	51.584
Viðskiptakröfur	9, 23	3.532	3.307
Fyrirframgreiddur kostnaður	24	19.437	19.228
Aðrar skammtímakröfur	25	3.188	2.469
Handbært fé	10, 26	188.093	162.431
Veltufjármunir samtals		214.249	187.435
Eignir samtals		258.743	239.019
Eigið fé og skuldir			
Hlutfé	27	147.609	147.609
Yfirverðsreikningur		4.108	4.108
Lögbundinn varasjóður		7.531	5.989
Óráðstafað eigið fé		66.057	52.178
Eigið fé samtals		225.304	209.883
Tekjuskattsskuldbinding	8, 29	4.056	0
Skuldbindingar samtals		4.056	0
Viðskiptaskuldir		4.959	6.760
Orlofsskuldbinding		11.746	10.852
Aðrar skammtímaskuldir	28	12.678	11.524
Skammtímaskuldir samtals		29.382	29.136
Eigið fé og skuldir samtals		258.743	239.019

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Eiginfjáryfirlit

1. janúar 2024 til 31. desember 2024	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögb. varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2024		147.609	4.108	5.989	52.178	209.883
Hagnaður ársins					15.421	15.421
Framlag í lögbundinn varasjóð				1.542	(1.542)	0
Eigið fé 31. desember 2024		147.609	4.108	7.531	66.057	225.304

1. janúar 2023 til 31. desember 2023	Skýringar	Hlutfé	Yfirverðs- reikningur	Lögb. varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1. janúar 2023		147.609	4.108	5.989	45.811	203.517
Hagnaður ársins					6.366	6.366
Eigið fé 31. desember 2023		147.609	4.108	5.989	52.178	209.883

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Sjóðstreymi

Rekstrarhreyfingar	Skýringar	2024	2023
Hagnaður ársins		15.421	6.366
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á handbært fé:			
Gengismunur		(77)	0
Afskriftir rekstrarfjármuna	21	27	0
Afskriftir óefnislegra eigna	22	7.018	7.018
Reiknaður tekjuskattur		4.102	1.597
		26.491	14.981
Rekstrartengdar eignir, breyting		(1.029)	1.886
Rekstratengdar skuldir, breyting		201	1.359
Handbært fé frá rekstri		25.662	18.226
Handbært fé í upphafi árs		162.431	144.205
Breyting handbærs fjár		25.662	18.226
Handbært fé í árslok		188.093	162.431

Skýringar á bls. 8 til 13 eru óaðskiljanlegur hluti ársreikningsins.

Skýringar

Almennar upplýsingar

1. Félagið

Landskerfi bókasafna hf., hér eftir nefnt félagið, er íslenskt hlutafélag með starfsemi í Reykjavík. Aðsetur þess er að Katrínartúni 4, Reykjavík.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarreikningsskilum og er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi.

3. Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög og settar reikningsskilareglur.

4. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir geta, við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

5. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru skilgreindir sem hluthafar með bein eða óbein yfirráð yfir félaginu, önnur félög innan sömu samstæðu, önnur félög sem eru skilgreind sem tengdir aðilar hluthafa með bein eða óbein yfirráð og lykilstjórnendur félagsins og móðurfélags.

6. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Árlegar afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði þar til niðurlagsverði er náð, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall rekstrarfjármuna er sem hér segir:

Áhöld og tæki	20,0%
---------------------	-------

7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fast hlutfall af stofnvirði, og miðar afskriftahlutfall við áætlaðan nýtingartíma sem er endurmetinn við lok hvers reikningsárs. Árlegt afskriftarhlutfall óefnislegra eigna er sem hér segir:

Hugbúnaður	12,5%
------------------	-------

8. Tekjuskattur og skattskuldbinding

Skatteign eða skattskuldbinding er reiknuð og færð í reikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattauppgjöri annarsvegar og reikningi félagsins hinsvegar. Mismunur efnahagsliða sem þannig kemur fram stafar af því að álagning tekjuskatts miðar við aðrar forsendur en reikningsskil félagsins og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattauppgjöri en í reikningsskilum félagsins.

Tekjuskattur innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutföll.

Skýringar

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Færð er varúðarniðurfærsla til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan byggir á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

10. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

11. Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Skýringar

Rekstrarreikningur

12. Seld þjónusta

Seld þjónusta sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Þjónustugjöld frá ríkisstofnunum	82.653	74.268
Þjónustugjöld frá sveitarfélögum	99.276	91.038
Þjónustugjöld aðrir	17.173	15.784
Annað	41.276	39.548
Samtals	240.377	220.638

Þjónustugjöld eru innheimt samkvæmt gjaldskrá og skiptast aðallega í þrennt, þ.e. í fyrsta lagi frá bókasöfnun ríkisstofnana, í öðru lagi frá bókasöfnum sveitarfélaga og loks frá öðrum bókasöfnum. Tekjur vegna þjónustusamnings við Sarp eru megin hluti annarra tekna.

13. Hýsing og rekstur kerfis

Hýsing og rekstur kerfis sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Hýsing	3.078	3.561
Viðhald og rekstur	201	515
Samtals	3.279	4.076

14. Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar

Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Þjónustusamningar við Ex Libris	42.624	41.296
Aðrir þjónustusamningar	5.212	4.286
Samtals	47.836	45.583

Þjónustusamningar vegna hugbúnaðar eru við Ex Libris Ltd., seljanda Alma bókasafnakerfisins og Primo VE leitarvefsins, auk annarra sérsamninga. Kostnaður við þjónustusamninga hækkar um 4,9% milli ára.

15. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Laun	105.036	99.778
Stjórnarlausn	2.207	2.126
Mótframlag í lífeyrissjóð	15.986	15.431
Vísindasjóður	1.869	1.867
Tryggingagjald	7.944	7.571
Önnur launatengd gjöld	1.658	1.573
Breyting á áunnu orlofi	893	826
Samtals	135.593	129.171
Meðalfjöldi stöðugilda á árinu	10,0	10,0
Stöðugildi í árslok	10,0	10,0
Launagreiðslur til framkvæmdastjóra, án launatengdra gjalda	18.840	17.659

16. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Leiga	15.774	14.879
Annar kostnaður	3.062	2.731
Samtals	18.836	17.610

Félagið leigir húsnæði að Katrínartúni 4 af Íþöku fasteignum ehf. Á árinu 2023 fór félagið fram á úrbætur á húsnæði félagsins og hélt eftir 30% af greiðslu í desember það ár sem og 15% af greiðslum í janúar- mars 2024. Sátt náðist í málinu og var samið um að félagið greiddi félagið helminginn af þeim upphæðum sem haldið hafði verið eftir þessa fjóra mánuði.

Skýringar

17. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Almennur skrifstofukostnaður	1.907	2.014
Starfsmannatengdur kostnaður	2.427	2.040
Styrkir, auglýsingar	0	304
Ferða- og fundakostnaður	1.609	1.927
Tölvukostnaður	3.075	923
Reikningsleg aðstoð	7.672	7.197
Endurskoðun ársreiknings	1.367	767
Aðkeypt sérfræðipjónusta	3.831	6.719
Lögfræðileg aðstoð	272	742
Ýmis kostnaður	142	142
Samtals	22.303	22.775

18. Fjármunatekjur

Fjármunatekjur sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Vaxtatekjur	14.160	11.224
Gengismunur	77	0
Samtals	14.238	11.224

19. Fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld sundurliðast sem hér segir:

	2024	2023
Vaxtagjöld	201	175
Gengismunur	0	0
Samtals	201	175

20. Tekjuskattur

Tekjuskattur að fjárhæð 4,1 m. kr. hefur verið reiknaður og færður til gjalda í rekstrarreikning.

Skýringar

Efnahagsreikningur

21. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir sundurliðast sem hér segir:

Áhöld og tæki	31.12.2024	31.12.2023
Bókfært verð í upphafi tímabils	27	27
Afskriftir	(27)	0
Bókfært verð í lok tímabils	0	27
	31.12.2024	31.12.2023
Stofnverð	0	1.252
Uppsafnaðar afskriftir	0	(1.225)
Bókfært verð í lok tímabils	0	27

22. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir sundurliðast sem hér segir:

	Hugbúnaður
Bókfært verð 1. janúar 2024	51.511
Afskriftir	(7.018)
Bókfært verð 31. desember 2024	44.493
	Hugbúnaður
Stofnverð	62.382
Uppsafnaðar afskriftir	(17.888)
Bókfært verð 31. desember 2024	44.493

23. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Viðskiptakröfur	3.532	3.307
Varúðarniðurfærsla	0	0
Samtals	3.532	3.307

Stjórnendur félagsins meta árlega þörf á varúðarniðurfærslu vegna krafna sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Ekki er talin þörf á varúðarniðurfærslu í lok árs 2024.

24. Fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður er að stærstum hluta fyrirframgreiðslur vegna þjónustusamninga við ExLibris, en greitt er fyrir 6-12 mánuði í senn.

25. Aðrar skammtímakröfur

Aðrar skammtímakröfur sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Afdreginn fjármagnstekjuskattur	3.188	2.469
Samtals	3.188	2.469

Skýringar

26. Handbært fé

Handbært fé sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Bankainnstæður í íslenskum krónum	188.087	162.425
Bankainnstæður í erlendum myntum	7	6
Samtals	188.093	162.431

27. Hlutfé

Hlutfé

Hlutfé félagsins nam 147,6 m. kr. í lok ársins samkvæmt samþykktum þess. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu. Félagið á engin eigin bréf og hefur hvorki gefið út kauprétti né áskriftarréttindi né tekið lán sem breytanleg eru í hlutfé.

	31.12.2024	31.12.2023
Útgefið hlutfé samkvæmt samþykktum	147.609	147.609
Útistandandi hlutfé	147.609	147.609

28. Aðrar skammtímaskuldir

Aðrar skammtímaskuldir sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Ógreidd laun og launatengd gjöld	4.495	4.237
Virðisaukaskattur	8.183	7.287
Samtals	12.678	11.524

29. Tekjuskattsskuldbinding

Breyting tekjuskattsskuldbindingar sundurliðast sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Staðan í upphafi árs	(45)	(1.642)
Reiknaður tekjuskattur	4.102	1.597
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs, nettó	4.056	(45)

Tekjuskattsskuldbindingin skiptist á einstaka liði ársreikningins sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	0	(0)
Óefnislegar eignir	4.104	2.816
Frestun á skattlagningu gengismunar	11	0
Yfirfæranlegt skattalegt tap	(58)	(2.861)
Tekjuskattsskuldbinding í lok árs, nettó	4.056	(45)

Yfirfæranlegt skattalegt tap nýtist til frádráttar skattalegum hagnaði sem hér segir:

	31.12.2024	31.12.2023
Til ársins 2032	276	14.307
Yfirfæranlegt skattalegt tap	276	14.307

Skatteign m.v. gildandi tekjuskattshlutfall	58	2.861
---	----	-------